

Aukaaðalfundur 2022, haldinn á Grand Hótel Reykjavík

Fundargerð fimmtudaginn 30. desember 2022 kl. 14:00

Mættir voru 37 félagsmenn í sal og 11 félagsmenn á fjarfundi.

Dagskrá:

Skipan fundarstjóra og ritara

Kjaramál

Menntamál

Kjöri formanns lýst

Önnur mál.

**Liður 1.** Árni Bjarnason formaður FS setti fundinn og bauð fundarmenn í sal og á fjarfundi velkomna. Hann lagði til að Árni Sverrisson yrði fundarstjóri og Páll Ægir Pétursson fundarritari. Það var samþykkt og síðan var gengið til dagskrár.

ÁS framkvæmdastjóri félagsins tók við fundarstjórn, þakkaði traustið og fór yfir helstu atriði varðandi fjarfundinn og dagskrá fundarins. Þessi fundur er með nokkuð sérstöku sniði, svo kallaður aukaaðalfundur, sem kemur til vegna breytinga sem eiga sér stað en formaður félagsins Árni Bjarnason hefur ákveðið að láta af störfum og Árni Sverrisson framkvæmdastjóri félagsins bauð sig fram til formanns. Hann fékk ekkert mótframboð og er því sjálfkjörinn. Fundarstjóri spurði hvort fundarmenn hefðu einhverjar athugasemdir við boðun fundarins, svo var ekki. Fundurinn er löglega boðaður en fengið var álit þriggja lögfræðinga um lögmæti þess að boða og halda aukaaðalfund með þessum hætti. Fundarstjóri gaf síðan formanni orðið.

**Liður 2.** ÁB fór yfir viðræður um kjaramál fiskimanna og gang þeirra. Aldrei hafi gengið verr að eiga við viðsemjendur okkar en að þessu sinni. Það eru 3 ár síðan að samningar fiskimanna voru lausir og ekkert hefur þokast áfram í viðræðum við SFS. Í gegnum tíðina hefur útgerðin samþykkt að launabreytingar sem samið er um á almenna markaðnum komi til hækkunar á kauptryggingu og öðrum föstum launaliðum en frá því að síðustu samningar runnu út 2019 hefur útgerðin hafnað þessari hefð. Af þessu leiðir að sjómenn hafa ekki notið hækkana sem lífskjarasamningarnir auk nýsamþykktara launabreytinga á almenna markaðnum fela í sér. Það eru að sjálfsögðu almenn mannréttindi að kauptrygging sjómanna hækki til jafns við launahækkanir á almenna markaðnum.

Samanlagðar launahækkanir sem uppá vantar til að sjómenn fylgji almennri launaþróun eru því orðnar 105 þús. kr. fyrir utan það sem felst í hækkunum á nýundirrituðum kjarasamningum á almenna markaðnum. Útgerðin hefur hafnað þeirri kröfu alfarið og vill slíta tenginguna við almenna markaðinn.

Það er mun harðari stefna bæði í kjarasamningsviðræðum, meiri „hardcore“ stefna í samskiptum í þessari grein og verð á fiskafurðum eru í hæstu hæðum. Það hafa orðið miklar

hækkanir og þarf af leiðandi eru kjör sjómanna góð. Samninganefnd sjómanna hefur boðið SA að festa skiptaverð í 70% og að verðviðmið við olíu hverfi. Skiptaverðið verði alltaf 70% þó svo olíuverð lækki. Það telur samninganefnd sjómanna talsvert mikils virði. Mikilvægast er þó í þessum kjaraviðræðum mótframlag útgerðarmann í lífeyrissjóð. Útgerðin hefur ekki fallist á það. Það kom formanni á óvart að þessi auka 3,5% skiptir suma skipstjórnarmenn ekki miklu máli að því er virðist, sérstaklega þá skipstjórnarmenn sem eru með hæstu launin, þá skiptir viðbótargreiðsla útgerðarinnar minna máli en trúlega er þó allur þorri sjómanna á því að ná þessu fram.

Allir við samningaborðið eru sammála um að efla Verðlagsstofu. Árni sagði að um leið og kemur að einhverju sem hefur kostnað í för með sér, þá minna útgerðarmenn sjómönnum á hvað þeir hafi há laun en sjómenn hafa ekki há laun nema útgerðin hafi það gott, það helst í hendur.

Samninganefndin er efins um vilja sjómannastéttarinnar til að fara í aðgerðir, við slíkar aðstæður er betra heima setið en af stað farið, þá þýðir ekki að fara í aðgerðir ef samstöðuna vantar. Það þyrfti að kanna vilja stéttarinnar áður en ákvörðun um aðgerðir til að knýja á um kjarasamninga yrði tekin. Það er útaf fyrir sig skiljanlegt að menn sem eru á hæstu laununum vilji ekki fara í aðgerðir og rugga bátnum.

Formaður telur að stéttarfélög geti lagt einhliða til að samningum varðandi löndunarstopp, þegar skipin stoppa eingöngu í landi meðan á löndun stendur og skipin gerð klár fyrir næstu veiðiferð yrði rift. Það hefði auðvitað töluverð fjárhagsleg áhrif á útgerðina en mun betra er að hafa áhafnir flotans sameinaðar í slíkum átökum auk þess benti formaður á að verkföll hjá sjómönnum hafi ekki skilað miklu til stéttarinnar hingað til.

ÁS sagðist hafa komið að þessum samningaviðræðum snemma árið 2021 og sá þá fyrir sér að klára þetta fyrir sjómannadag. Í hans huga var bara að einhenda sér í verkefnið, ekki flókið í sjálfum sér. Það gekk ekki eftir eins og allir vita. Útgerðin vill lækka launahlutfallið á skipunum. Ef við fáum meira í lífeyrissjóð, þá hækkar launahlutfallið, það vilja útgerðir ekki. Þeir sem eru á samningafundunum frá útgerðum ráða trúlega ekki, heldur eru hákarlar á bakvið sem stjórna hins vegar getur þetta ekki gengið svona til lengdar. Þetta er í fyrsta sinn sem útgerðin hækkar ekki kauptryggingu eins og samið var um á almenna markaðnum. Þeir vilja einfaldlega þröngva okkur til samninga.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Erling Arnar Óskarsson sagði að sjómenn þurfi að borga allt á endanum. Hann telur að alls ekki ætti að hleypa útgerðinni inn í skiptaprósuntuna. Þegar sjómenn fara fram á launahækkanir þá hafa þeir alltaf þurft að borga fyrir það á endanum þegar eitthvað hefur komið til þeirra. Við þurfum að standa vörð um grunngildin sem við höfum, alls ekki að breyta skiptaprósuntunni.

ÁS fjallaði lauslega um nýsmíðaákvæðið, hann sagði að með fækkun manna um borð nái útgerðin frekar að gera upp samkvæmt ákvæðinu, en það komi niður á vinnuálagi sjómanna á þessum nýju skipum. Aflamagn hefur ekki breyst heldur eru það færri hendur sem handleika fiskinn og koma með hann að landi.

Heimir Guðbjörnsson sagðist ekki telja að neitt fái í gegn, nema með því að lækka skiptaprósentuna eitthvað. Hann væri með þessu ekki að tala máli útgerðarinnar.

ÁS sagði frá tillögu FS um að setja um borð í öll skip mönnunarskírteini. Því miður náðist það ekki í gegn. Árni rakti sögu málsins og baráttu félagsins fyrir því að fá þetta mikilvæga atriði samþykkt. Útgerðin hafði þar betur og svo virðist sem yfirvöld og Samgöngustofa dragi taum útgerðarinnar í þessu máli sem öðrum.

ÁB sagði frá því að það sé að færast í aukana að útgerðir séu að bera á borð drög að samkomulagi um skiptikerfi fyrir áhafnir skipa, sem varði meðal annars veikindarétt, ekki hefur náðst samkomulag um það. Þetta er stórmál.

Erling Arnar Óskarsson sagði að áhöfnin á því nýja skipi sem hann stjórnar vildi ráða sig uppá hálf starf. ÁB sagðist ekki vilja skrifa uppá eitthvað sem er á skjön við lög in í landinu. Það yrði þá þannig í skiptimannakerfinu að ef einhver yrði svo óheppin að veikjast, þá fengi viðkomandi stjórmaður ekki nema hálf laun í 4 mánuði samkvæmt sjómannalögum. Það væri óásættanlegt.

ÁS sagði að útgerðirnar tali niður stéttarfélögin og kenni þeim um að ekki sé búið að semja. Við verðum að passa uppá okkar hagsmuni, ekki skrifa uppá samkomulög sem kveða á um minni rétt en lög og aðalkjarasamningur kveður á um. Það hefur ekki náðst samkomulag um skiptimannakerfi í kjarasamningum sem er miður. Meginástæða þess er ágreiningur um rétt manna í veikindum, en þau eru skýr í lögum og kjarasamningi, útgerðin vill breyta þessum rétti einhliða.

PÆP fjallaði um kjarasamningsmál farmanna. Hann sagði frá samninganefndinni sem valin var í vor og frá þeim fundum sem félagið átti með Eimskip til að fá launaleiðréttingu fyrir skipstjórnarmenn félagsins. Fundað var með Eimskip frá miðjum júní þar til samningar náðust loksins um launaleiðréttingu um miðjan nóvember. Lengra varð ekki komist án átaka og var það samhljóma álit samninganefndarinnar að taka síðasta tilboði Eimskips sem var ekki langt frá okkar kröfum. Nú bíður okkar að semja við Samskip á sömu nótum og verður það væntanlega gert fljótlega eftir áramót. Við munum svo reyna að ná eyrum SA eftir að við höfum skrifað undir samninga við Samskip á sömu nótum og við Eimskip. Þar höfum við sett okkur ákveðin markmið um atriði við við viljum ná fram auk launahækkana eins og gerist á almenna markaðnum.

PÆP minntist líka á að miðlægur kjarasamningur LHG og Hafró við ríkið rennur út um mánaðamótin mars/apríl. Samninganefnd LHG hefur fundað í húsakynnum FS þrisvar sinnum og Hafrómenn hafa verið látnir vita af þeim fundum.

Við munum hitta skipstjórnarmenn í ferðapjónustunni í byrjun janúar og ræða um endurnýjun kjarasamnings fyrir þá grein, væntanlega verður um stuttan samning að ræða og þá á sömu nótum og samið var um á almenna markaðnum. Bæði FS og VM standa að kjarasamningi fyrir ferðapjónustufólk í brú og vél á bátum fyrirtækjanna.

Varðandi kjarasamingsgerð fyrir skipstjórnarmenn í fiskeldi, þá er stefnt að því að hitta forstöðumann fyrirtækjanna fyrir austan í janúar og í framhaldi af því að biðja um fund með SFS. Fyrirtækin fyrir vestan eru jákvæð, sérstaklega talsmenn Artic Fish en við áttum fjarfund með þeim nýlega og þar kom fram skilningur þeirra á þeirri kröfu okkar að gerður verði kjarasamningur fyrir greinina.

**Liður 3. Menntamáli.** PÆP fjallaði um menntamál skipstjórnarmanna og og framtíð skipstjórnarmenntunar á Íslandi. Til upprifjunar er Tækniskólinn í eigu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Í stjórn skólans eiga SFS tvo fulltrúa, SI þrjá fulltrúa, Samorka og Iðnaðarmannafélagið í Rvk einn hvor. Þegar Menntafélagið tók til starfa var Stýrimannaskólinn í Reykjavík var lagður niður eftir 112 ára farsælt starf. Stýrimannaskólinn þótti góður skóli og nemendur útskrifuðust bærilega færir um að takast á við verkefni sem beið þeirra hérlendis og ekki síður erlendis, ekki væri þó verið að kasta rýrð né gera lítið úr kunnáttu nemenda sem útskrifast frá Skipstjórnarskólanum í dag. Hins vegar er gott að staldra við og skoða málið.

Tækniskólinn er stærsti framhaldsskóli landsins með rúmlega 250 starfsmenn og tæplega 2.500 nemendur samtals í dagskóla og dreifnámi. Þar af er Skipstjórnarskólinn (gamli Stýrimannaskólinn) með aðeins 5% nemenda eins og staðan er í dag. Af þessum 5% er fjórðungur í dagskóla, þ.e.a.s. sem stunda nám sitt daglega í gamla Stýrimannaskólahúsinu, hinir nemendurnir taka námið meira og minna í fjarnámi.

Það vandamál sem við eigum við að glíma í dag er fækkun skipstjórnarmanna og hreinlega vöntun á réttindamönnum á flotann.

Það þarf að laða að fleiri nemendur með því að gera námið eftirsóknarverðara fyrir ungt fólk, kannski vantar kynningu en það er einnig ríkt í okkur sá smáborgarahugsunarháttur að verknám sé ekki fínt. Það breytist því miður ekki svo glatt. Að vísu er skipstjórnarnám bóklegt að öllu leyti nema sá siglingatími sem nemendur þurfa að öðlast til að fá réttindi, það er auðvitað líka nám því það fæðist enginn með reynslu, hún er mikilvægur skóli, að læra af sé eldri og reyndari mönnum sem kunna til verka.

Ef við berum skólastigið og lengd námsins saman við nágrannalöndin þá er það staðreynd að skipstjórnarnámið og vélstjórnar líka er yfirleitt á háskólastigi nema á Íslandi. Námið er það lengsta sem til er á framhaldsskólastigi, 4 – 5 ár ef öll stigin eru tekin, þetta er auðvitað fyrir utan þá lögskráningadaga eða reynslutíma til sjós sem nemendur þurfa að hafa til að fá réttindi.

Þeir útskrifuðu nemendur sem stunda háskólanám, annars vegar í sjávarútvegsfræði við HA og hins vegar tæknifræði í HR finnst hluti námsins þar vera sá sami og þeir tóku í Skipstjórn/vélstjórn. Þeir hafa þó ekki fengið mat á neinum áföngum því háskólarnir bera fyrir sig að þeir meti ekki framhaldsskólanám í háskóla. Nemendur hafa rekist á skörun á námi og talið sig hafa í raun lokið hluta af háskólanámi í Skipstjórn sem er þó ekki metið. Nemendum finnst þeir hafa verið í blindgötu án þess að átta sig á því meðan á náminu stóð.

Einn nemandinn hafði lokið námi af Skipstjórnarbraut - D (gamla farmannadeildin) og stundaði nám í Sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri. Þegar nemandinn bar saman námskrár beggja brauta kom í ljós nokkra skörun þar á milli, þetta eru mikið til sömu áfangarnir á Sjávarútvegsbrautinni sem nemandinn hafði nú þegar lokið frá Skipstjórnarskólanum samkvæmt því sem nemandinn greindi frá.

Helstu ástæður fyrir því að námið frá Skipstjórnarskólanum ætti að vera matshæft eru:

Stúdentspróf hefur verið stytt niður í 3 ár. Skipstjórnarnámið er hinsvegar enn sett upp sem 4ra ára nám, og þar með lengra og viðameira nám en stúdentspróf af öðrum brautum.

Námið er þverfaglegt til að uppfylla alþjóðlega staðla, kröfur Alþjóða siglingastofnunnar og aðrar kröfur. Því ætti hluti námsins að vera á fagháskólastigi.

Í löndunum í kringum okkur sem við berum okkur saman við er skipstjórnarnám á háskólastigi og má þar nefna Vinnuháskúlan í Færeyjum sem dæmi.

Til þess að setja þetta í samhengi, þá öðlast útskrifaðir nemendur úr Skipstjórnarskólanum ekki eingöngu stúdentspróf að námi loknu, heldur hljóta þeir auk þess alþjóðleg skírteini og réttindi sem fengin eru ýmist við útskrift eða að afloknum siglingatíma. Þetta eru sömu alþjóðlegu réttindin og háskólanemendurnir í löndunum í kringum okkur fá í kjölfar síns háskólanáms.

Það þyrfti að skoða hvort seinni hluti náms eða að minnsta kosti síðasti hluti þess, svo kölluð D réttindi ætti í raun að vera á háskólastigi. Þessi hugmynd er ekki ný af nálinni því það var boðið upp á diplómanám á háskólastigi í rekstri og stjórnun í Fjöltækniskólanum sáluga. Námið var hugsað sem framhaldsnám fyrir skipstjórnarmenn og vélstjóra og gerði mönnum kleift að velja úr fjölbreyttari störfum. Í upphafi var samstarfið við hásk. í Bifröst en færðist svo til HR. Það dró hins vegar úr aðsókn og námið var blásið af enda flóknara að tengja aðra skóla við námið en ef hægt hefði verið að taka það innan skólans sjálfs.

Hafa ber í huga að nemendur fá alþjóðleg réttindi þegar þeir ljúka námi eins og starfssystkin þeirra erlendis sem eru með háskólapróf. PÆP velti þessari hugmynd upp sem er ekki ný af nálinni en geta má líkur að því að ef D-réttindin yrðu metin á háskólastigi myndi það trúlega laða að fjölbreyttari og þ.a.l. fleiri nemendur. Þetta er langt nám, taki nemendur öll stigin, en hugsanlega meira aðlaðandi ef nemendur fengju diplomaskírteini eða háskólapróf í skipstjórnarfræðum eftir D stigið. Þá er aðallega verið að hugsa um nemendur sem vilja halda áfram í aðra skóla.

Við þurfum hins vegar að líta til framtíðar með opnum huga og PÆ endurtók að Tækniskólinn væri án efa góður skóli sem bíður uppá fjölmörg tækifæri fyrir unga nemendur sem eru að hefja sitt framhaldsskólanám, 16 ára unglingar.

Rætt hefur verið innan félagsins hvernig við viljum sjá fyrirkomulag menntunar skipstjórnarmanna í framtíðinni. Það er ljóst að Skipstjórnarskólinn er ekki að fá þá athygli og rými innan Tækniskólans sem hann þyrfti að fá og á skilið. Hann þyrfti hann að fá meira sjálfstæði og einnig meira fjármagn til reksturs, kannski er það draumsýn að slíkt gæti orðið

meðan skólinn er deild innan Tækniskólans. Það er t.d. ekki mjög skilvirkt kerfi að öll námskeið sem haldin eru í skólanum þurfi að fara í gegnum Endurmenntunarskólann, PÆP sagðist hafa sjálfur reynslu af því er hann aðstoðaði stýrimenn varðandi IMDG námskeið og vesenið að koma því á svo nefnd séu dæmi, að hans mati hefði verið betra að eiga beint við Skipstjórnarskólann.

PÆP sagðist ekki vera með neina patentlaus á því hvernig bæta megi menntun sjómanna, auka aðsókn í námið, auka ánægju nemenda í skólanum, gera þá færari við útskrift og klárari til starfa hérlendis og erlendis, en okkar draumsýn hjá FS er sú að hér verði stofnaður Skóli Sjávarútvegs og siglinga, sem samanstendur af Skipstjórn, vélstjórn (fyrir vélstjóra sem ætla sér að stunda sjómennsku), fiskvinnslu í viðasta skilningi, þar með talið fiskeldisfræði, öryggismál sjómanna kæmu þar líka við sögu, sjávarútvegsfræði, jafnvel skipatæknifræði svo nefndar séu einhverjar starfsgreinar sem eiga heima saman í einni og sömu menntastofnun. Nemandi sem lýkur C náminu öðlast skipstjórnarréttindi á fiskiskip að ótakmarkaðri stærð og farsviði og á flutninga- og farþegaskip að 3000 brúttótonn (STCW II/1 og STCW II/2 að loknum siglingatíma). Þetta námsstig er jafnframt nám til stúdentsprófs og býður uppá margar leiðir til framhaldsnáms. Ef nemandinn lýkur D námi sem yrði á háskólastigi, þá gæti hann haldið áfram í sjávarútvegsfræði eða skipatæknifræði innan sama skóla ef vilji hans lyti í þá átt. Þennan skóla viljum við helst sjá í okkar skólahúsi á Skólavörðuholtinu, í Sjómannaskólahúsinu. Skólahúsið mætti síðan nota í ýmis verkefni sem tengist sjávarútvegi og siglingum og er þar af nógu að taka.

Hilmar Snorrason kom í pontu og sagði frá því að hann hafi verið á ráðstefnu í Rúmeníu um mennta- og öryggismál sjómanna. Allir kennararnir voru titlaðir prófessorar, þeir höfðu reynslu og sérþekkingu á sjómennsku og fengu þá þennan titil - prófessor. Þetta voru skipstjórnarmenn sem kenndu í sjómannaskólum en voru jafnframt starfandi úti á sjó. Hilmar benti á þann möguleika að nýta starfandi skipstjórnarmenn og fá þá til að kenna við Skipstjórnarskólann í fríum t.d. þeir sem eru í skiptamannakerfi og eru mánuð á sjó og mánuð í fríi, þessir skipstjórnarmenn gætu tekið að sér kennslu sem væri afar gott fyrir skólann, menn með reynslu og gríðarlega þekkingu sem gæti nýst skólanum og ekki síst nemendum vel.

Hilmar lýsti áhyggjum sínum af framtíð Sjómannaskólahússins, að húsinu verði jafnvel breytt í hótél þegar Tækniskólinn verður fluttur í Hafnafjörð. Hilmar hefur einnig áhyggjur af því að Skipstjórnarskólinn hverfi í nýju húsnæði þar sem hann er ekki ofarlega á forgangslista. Hann minnti á að við þær breytingar sem urðu þegar Tækniskólinn tók til starfa voru munir skólans fluttir í geymslur og allar myndir af árgöngum skólans voru teknar niður og margar eru því miður horfnar. Þetta er sorglegt mál en Hilmar hvatti fundarmenn til að varðveita sínar skólamyndir fyrir framtíðina.

**Liður 4.** Kjöri formanns lýst. Árni Sverrisson kom í pontu og lýsti aðdraganda að formannsskiptum þegar Árni Bjarnason ákvað að hætta á miðju kjörtímabili. Núverandi kjördæmabili líkur ekki fyrr en um mitt ár 2024. Því er um millibilsástand að ræða til næstu formannskosninga sem verða á aðalfundi sumarið 2024. ÁS bauð sig fram til formanns félagsins, fékk ekkert móttframboð og er því sjálfkjörinn í embættið. Að þessu loknu lýsti Árni sjálfan sig sem formann. Hann bað Árna Bjarnason um að standa upp, sagði nokkur vel valin orð og

þakkaði ÁB fyrir góð störf í þágu skipstjórnarmanna og Félagsins í gegnum árin. Loks færði hann honum gjöf sem þakklætisvott. Fundarmenn stóðu allir upp og klöppuðu fyrir þessum breytingum og óskuðu ÁS til hamingju með titillinn.

**Liður 5. Önnur mál.** Árni Sverisson bar uppá þá tillögu að Grant Thornton verði ráðið endurskoðunarfyrtæki fyrir FS. Það var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Hilmar Snorrasons sagði frá dagatali með myndum frá ljósmyndakeppni sjómanna á Norðulöndunum. Norrænir sjómenn og allir sjómenn á norrænum skipum geta tekið þátt. HS hvetur skipstjórnarmenn til að hengja þessi dagatöl upp í messum skipa sinna en myndirnar lýsa sjómannslífinu um borð og umhverfinu um borð og í höfn.

ÁS kom í pontu og sagðist vera gríðarlega stoltur af því að vera orðinn formaður félagsins og að hann myndi af lífi og sál tileinka FS starfskrafta sína meðan hann gegnir stöðu formanns og framkvæmdastjóra.

Eyjólfur Bjarnason óskaði ÁS til hamingju með titilinn. Hann spurði hvort ekki yrði aðalfundur á næsta ári og þá formannskosning endurtekin. ÁS sagði að ekki yrði kosið til formanns fyrr en 2024, þá rennur út yfirstandandi kjörtímabil sem er rúmlega hálfnað.

Heimir Guðbjörnsson óskaði ÁS til hamingju og þakkaði ÁB góð störf. Hann spurði hvernig mönnun á skrifstofu félagsins yrði háttað, ÁS svaraði því til að ekki hefði verið tekin endanlega ákvörðun en að þeir yrðu tveir, hann og PÆP til að byrja með auk móttökuritara þangað til annað yrði ákveðið.

Heimi hugnast að ráða hagfræðing til félagsins og minntist á að forstöðukona Ocean, sem er fyrirtæki sem safnar mikilvægum upplýsingum í sjávarútvegi, hafi slitið sambandi við FS eftir að hafa fengið betra tilboð frá SFS. Hvort ekki þyrfti að ráða einhvern í staðinn.

ÁS sagði að miklar væntingar hefðu verið gerðar til Ocean þar sem lögð var áhersla á að þar gætum við komið okkur upp mælaborði með ýmsum rauntölum úr sjávarútvegi, þar sem tölur yrðu túlkaðar með okkar eigin augum. Því miður varð þessi samvinna skammlíf því aðilar innan SFS komu þar að og buðu hærri greiðslu fyrir þjónustu Ocean.

Ingimar Finnbjörnsson spurði hvað liði mönnunarmálum á fiskiskipum.

ÁS sagði frá hugmyndum okkar og tillögu varðandi mönnunarskírteini á öll fiskiskip en því miður hlaut sú tillaga ekki hljómgrunn hjá stjórnvöldum þrátt fyrir greinargóðan rökstuðning stéttarfélaganna.

Tryggvi Eiríksson spurði hvort félagið gæti haft forgöngu um að stofnaður verði hópur varðandi menntamál sjómanna.

PÆP list vel á þá tillögu og sagði að þrátt fyrir allt og allt væru störf íslenskra skipstjórnarmanna góð og menn almennt ánægðir í starfi. Við mættum hvorki tala niður störf né menntun skipstjórnarmanna heldur þyrftum við að stuðla að því að meiri virðing væri borin fyrir störfum

skipstjórnarmanna. Full ástæða er til að koma á fót vinnuhóp sem kæmi með tillögur um framtíðarmenntun skipstjórnarmanna.

Snæbjörn Ólafsson óskaði ÁS til hamingju en bætti því við að ekki hefði verið minnst einu orði á fiskverð á fundinum. Víða er talað um sömu laun fyrir sömu vinnu en það er ekki til sjós. Af hverju er ekki talað um fiskverð, hvernig útgerðin getur ráðið því hvað hún borgar fyrir fiskinn spyr Snæbjörn.

ÁB þakkaði fyrir þetta innlegg og sagðist hafa barist fyrir því árum saman að allur fiskur færi á markað. Þeir sem bjuggu þetta kerfi til standa vörð um það. Þeir sem eru með skip og vinnslu er í sjálfsveld sett hvor þeir fari með fiskinn á markað en ÁB sagðist oft sinnis hafa lagt til að útgerðin borgi markaðsverð fyrir fiskinn. Hér væri við ofurefli að etja og kerfi sem stæði vörð um óbreytt ástand.

Birnir S Valdimarsson sem er á fjarfundi spurði um hundahald í orlofshúsum og hvernig til hefði tekist með að leyfa hundahald í einum bústað á Laugarvatni.

ÁS sagði að vel hefði tekist til með þetta fyrirkomulag en að ákvörðun um framhaldið verði tekin á stjórnarfundi eftir áramótin .

Fundarstjóri gaf loks Árna Bjarnasyni orðið. Hann þakkaði fyrir sig með blendnum tilfinningum þegar hann kveður þennan vettvang og þakkaði fyrir góð samskipti við félagsmenn í gegnum árin. Þetta hafi sannarlega verið skemmtilegur en viðburðarríkur tími.

Fundarmenn stóðu upp og klöppuðu Árna Bjarnasyni til heiðurs.

Fundi var slitið kl. 16:59

Árni Bjarnason formaður



Árni Sverrisson framkv.stj.



Páll Ægir Pétursson fundarritari